

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/195

2025/EES/54/37

frá 3. febrúar 2025

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fenbúkónasól og penkónasól í eða á tilteknum afurðum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir virku efnin fenbúkónasól og penkónasól.
- 2) Á árunum 2017 og 2018, eftir því sem við á, lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) fram rökstudd álit <sup>(2)</sup> <sup>(3)</sup> um endurskoðun á hámarksgildum leifa fyrir penkónasól og fenbúkónasól í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um tilteknar afurðir. Fyrirliggjandi upplýsingar voru nægilegar til að Matvælaöryggisstofnunin gæti lagt til hámarksgildi leifa sem eru örugg fyrir neytendur.
- 3) Á árinu 2019 fastsetti framkvæmdastjórnin ný hámarksgildi leifa fyrir fenbúkónasól og penkónasól í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005, annaðhvort með því að viðhalda þeim við gildandi gildi eða fastsetja þau við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi. Í II. viðauka við þá reglugerð voru tilgreindar eyður í gögnum og tilgreindur frestur fyrir framlagningu umsækjanda á upplýsingum, sem vantaði til stuðnings tillögðum hámarksgildum leifa, fyrir Matvælaöryggisstofnunina.
- 4) Þar eð fenbúkónasól er ekki lengur samþykkt í Sambandinu lagði umsækjandinn fram viðbótarupplýsingar um prófanir til að bregðast við eyðum í gögnum um umbrotsafleiður tríasóls, sem Matvælaöryggisstofnunin hafði tilgreint <sup>(4)</sup>, sem höfðu einnig verið metnar af sameiginlegum fundi sérfræðinga Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um varnarefnaleifar til stuðnings við fyrirliggjandi CXL-hámarksgildi <sup>(5)</sup>. Ekki var brugðist við eyðunni í gögnum varðandi prófanir sem voru upphaflega lagðar fram til að fastsetja fyrirliggjandi hámarksgildi til bráðabirgða, sem voru hærri en CXL-hámarksgildin, að því er varðar tilteknar nytjaplöntur. Brugðist var við eyðunni í gögnum um umbrotsafleiður tríasóls að því er varðar prófanir fyrir greipaldin, appelsínur, sítrónur, súraldin, kjarnaávesti, kirsuber, ferskur og aðalbláber í prófunum sem voru lagðar fram til stuðnings CXL-hámarksgildunum. Brugðist var við eyðunni í gögnum varðandi umbrotsafleiður tríasóls fyrir mandarínur með því að framreikna gögn um leifar fyrir sítrónur.
- 5) Þess vegna ætti að lækka gildandi hámarksgildi leifa niður í CXL-hámarksgildin fyrir greipaldin, appelsínur og ferskur og viðhalda þeim við núverandi hámarksgildi leifa (nú þegar við CXL-hámarksgildin) fyrir sítrónur, súraldin, mandarínur, kjarnaávesti, kirsuber og aðalbláber.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/195, 4.2.2025. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 126/2025 frá 13. júní 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2005/396/oj>.

(2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2017. „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for penconazole according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(6), 4853, 56 bls. <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2017.4853>.

(3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2018. „Reasoned Opinion on the review of the existing maximum residue levels for fenbuconazole according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(8), 5399, 51 bls. <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2018.5399>.

(4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2023. „Evaluation of confirmatory data following the Article 12 MRL review for fenbuconazole“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*, 21(8), 1–44. <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.8205>.

(5) FAO (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna), 2016. „Submission and evaluation of pesticide residues data for the estimation of Maximum Residue Levels in food and feed. Pesticide Residues“. 3. útgáfa FAO Plant Production and Protection Paper 225, 298 bls.

- 6) Ekki var brugðist við eyðunni í gögnum varðandi tilvist umbrotsafleiða tríasóls fyrir fenbúkónasól ef um er að ræða trjáhnatur, vínber til neyslu og vínþrúgur, trönuber, banana, paprikur, sólblómafræ, jarðhnatur, repjufræ, bygg, rúg og hveiti. Þess vegna ætti að lækka hámarksgildi leifa, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 fyrir þessar afurðir, niður í magngreiningarmörk nema fyrir trjáhnatur sem eru nú þegar við magngreiningarmörk.
- 7) Hvorki voru lögð fram gögn varðandi prófanir né tilvist umbrotsafleiða tríasóls, ef um er að ræða fenbúkónasól, fyrir apríkósur, plómur og plöntur af graskersætt með ætu og óætu hýði. Þess vegna ætti að lækka hámarksgildi leifa, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 fyrir þessar afurðir, niður í magngreiningarmörk.
- 8) Að því er varðar fenbúkónasól, ef um er að ræða afurðir úr dýraríkinu, sýndi útreiknað álag á búfé gegnum fæðu að ekki var farið yfir viðmiðunarmörkin fyrir umbrotsafleiður tríasóls með eplahrati og þurrkuðu sítrusmauki. Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á nýju framlögðu upplýsingarnar og tilgreindi engin athugunarefni í tengslum við inntekið magn neytenda. Þess vegna ætti að viðhalda hámarksgildum leifa fyrir lifur, nýru og ætan sláturmat úr svínunum, nautgripum, sauðfé, geitum, hestum og öðrum öldum landdýrum. Að því er varðar mjólk, byggt á mati tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins, ætti að lækka magngreiningarmörkin 0,05 mg/kg, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005, niður í 0,01 mg/kg.
- 9) Að því er varðar penkónasól voru upplýsingarnar sem vantaði um dæmigerða rannsókn um efnaskipti í aldinplöntum í meginræktunum, viðbótarprófanir á leifum og stöðugleika viðkomandi umbrotsefna við geymslu lagðar fram fyrir brómber og hindber. Brugðist var við þessum eyðum í gögnum og nýjar prófanir á leifum benda til þess að þörf sé á hærri hámarksgildi leifa. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti <sup>(6)</sup> að hærri hámarksgildi leifa væri öruggt fyrir neytendur og þess vegna ætti að hækka gildandi hámarksgildi leifa.
- 10) Einnig var brugðist við eyðum í gögnum varðandi penkónasól fyrir risagrasker og vatnsmelónur sem staðfesti gildandi hámarksgildi leifa sem ætti að viðhalda.
- 11) Að því er varðar penkónasól voru lögð fram tilraunagögn fyrir kjarnaávexti og plómur en út frá þeim var hægt, að meginreglu til, að leiða út hærri hámarksgildi leifa. Þó að gögnin sem vantaði um prófanir á leifum, þar sem greiningar voru gerðar samtímis á skilgreiningum á leifum að því er varðar vöktun og áhættumat, væru ekki lögð fram gat Matvælaöryggisstofnunin notað breytistuðul til að taka tillit til mismunarins á skilgreiningunum á leifum. Þar eð Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi ekki áhættu fyrir neytendur ætti að hækka hámarksgildi leifa á grundvelli nýju gagnanna.
- 12) Að því er varðar penkónasól voru lögð fram fullnægjandi tilraunagögn fyrir apríkósur, ferskjur, vínber til neyslu og vínþrúgur, en af þeim er hægt að leiða út lægri hámarksgildi leifa, og fyrir kirsuber, stíkilsber, tómata og eggaldin til stuðnings við gildandi hámarksgildi leifa. Þó að prófanir sem vantaði á leifum, þar sem greiningar voru gerðar samtímis á skilgreiningum á leifum að því er varðar vöktun og áhættumat, væru ekki lagðar fram gat Matvælaöryggisstofnunin notað breytistuðul til að taka tillit til mismunarins á skilgreiningunum á leifum. Þar eð Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi ekki áhættu fyrir neytendur ætti að lækka hámarksgildi leifa í gildi sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint fyrir apríkósur, ferskjur, vínber til neyslu og vínþrúgur og viðhalda gildandi hámarksgildum leifa fyrir kirsuber, stíkilsber, tómata og eggaldin.
- 13) Fella ætti allar neðanmálgreinar um kröfu um framlagningu á viðbótarupplýsingum brott úr II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 að því er varðar fenbúkónasól og penkónasól.
- 14) Að auki samþykkti Alþjóðamatvælaáskráráðið ný CXL-hámarksgildi 6. febrúar 2023 <sup>(7)</sup> fyrir fenbúkónasól í grænu og svörtu tei (gerjuðu og þurrkuðu).

<sup>(6)</sup> Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2023. „Reasoned opinion on the evaluation of confirmatory data following the Article 12 MRL review for penconazole“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(3), 7889, 52 bls. <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.7889>.

<sup>(7)</sup> Sameiginleg áætlun matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um matvælastaðla, Alþjóðamatvælaáskráráðið. 45. fundur. Höfuðstöðvar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, Róm, Ítalía. 21.–25. nóvember 2022, 12.–13. desember 2022 og 19. desember 2022–6. febrúar 2023. [fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-701-45%252FFinal%2BReport%2BCAC45%252FCompiled%2BREPP22\\_CAC.pdf](https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-701-45%252FFinal%2BReport%2BCAC45%252FCompiled%2BREPP22_CAC.pdf).

- 15) Í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 <sup>(8)</sup> skal taka mið af alþjóðlegum stöðlum, ef þeir eru fyrir hendi eða í þann veginn að verða tilbúnir, við gerð eða aðlögun laga Sambandsins um matvæli nema þessir staðlar eða viðeigandi hlutar þeirra séu ófullnægjandi eða óheppileg tæki til að ná þeim lögmætu markmiðum sem stefnt er að í lögum um matvæli eða vísindaleg rök hnígi gegn því eða þeir myndu leiða til verndar á öðru stigi en álitíð er við hæfi í Sambandinu. Enn fremur, í samræmi við e-lið 13. gr. þeirrar reglugerðar, skal Sambandið stuðla að samkvæmni milli alþjóðlegra tæknistaðla og laga Sambandsins um matvæli en tryggja um leið að ekki verði slakað á þeirri viðtæku vernd sem samþykkt hefur verið í Sambandinu.
- 16) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á áhættur sem stafa af þessum CXL-hámarksgildum fyrir neytendur og birti vísindaskýrslu <sup>(9)</sup>. Í tilvikum þar sem Matvælaöryggisstofnunin greindi enga áhættu fyrir neytendur í Sambandinu og þar sem Sambandið lagði því ekki fram fyrirvara <sup>(10)</sup> hjá nefnd Alþjóðamatvælasráðsins um varnarefnaleifar eða Alþjóðamatvælasráðinu geta CXL-hámarksgildin talist örugg. Þetta á við um CXL-hámarksgildin fyrir fenbúkónasól í grænu og svörtu tei (gerjuðu og þurrkuðu) og því ætti að taka þau með í reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 17) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins varðandi nauðsyn þess að aðlagja tiltekin magngreiningarmörk. Niðurstöður rannsóknarstofanna voru þær að tækniþróun geri það kleift að fastsetja lægri magngreiningarmörk fyrir tilteknar afurðir.
- 18) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.
- 19) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 20) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti þessi reglugerð ekki að gilda um afurðir sem hafa verið settar á markað í Sambandinu áður en ný hámarksgildi leifa taka gildi og þar sem öflugri neytendavernd er viðhaldið.
- 21) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita aðildarríkjum, þriðju löndum og stjórnendum matvæla-fyrirtækja hæfilegan frest til að aðlagja sig að kröfunum sem leiða af breytingunni á hámarksgildum leifa.
- 22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

## 2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, gildir áfram um afurðir sem voru settar á markað í Sambandinu fyrir 24. ágúst 2025.

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2002/178/oj>).

<sup>(9)</sup> EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2022. „Scientific support for preparing an EU position in the 53rd Session of the Codex Committee on Pesticide Residues (CCPR).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(9), 7521, 310 bls. <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2022.7521>.

<sup>(10)</sup> [https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-718-53%252FCRDs%252FPr53\\_crd13revx.pdf](https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-718-53%252FCRDs%252FPr53_crd13revx.pdf).

## 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 24. ágúst 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2025.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Í stað dálkanna fyrir fenbúkónasól og penkónasól í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 kemur eftirfarandi:

## „Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um <sup>(a)</sup> | Fenbúkónasól (summa skyldra handhverfna) | Penkónasól (summa skyldra hverfna) (F) |
|------------|----------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------|----------------------------------------|
| 1)         | 2)                                                                                     | 3)                                       | 4)                                     |
| 0100000    | <b>NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR</b>                                                  |                                          |                                        |
| 0110000    | <b>Sítrusávéxtir</b>                                                                   |                                          | 0,01 (*)                               |
| 0110010    | Greipaldin                                                                             | <b>0,5</b>                               |                                        |
| 0110020    | Appelsínur                                                                             | <b>0,5</b>                               |                                        |
| 0110030    | Sítrónur                                                                               | 1                                        |                                        |
| 0110040    | Súraldin                                                                               | 1                                        |                                        |
| 0110050    | Mandarínur                                                                             | 0,5                                      |                                        |
| 0110990    | Annað (2)                                                                              | 0,5                                      |                                        |
| 0120000    | <b>Trjáhnetur</b>                                                                      | 0,01 (*)                                 | 0,01 (*)                               |
| 0120010    | Möndlur                                                                                |                                          |                                        |
| 0120020    | Parahnetur                                                                             |                                          |                                        |
| 0120030    | Kasúhnetur                                                                             |                                          |                                        |
| 0120040    | Kastaníuhnetur                                                                         |                                          |                                        |
| 0120050    | Kókoshnetur                                                                            |                                          |                                        |
| 0120060    | Heslihnetur                                                                            |                                          |                                        |
| 0120070    | Goðahnetur                                                                             |                                          |                                        |
| 0120080    | Pekanhnetur                                                                            |                                          |                                        |
| 0120090    | Furuhnetukjarnar                                                                       |                                          |                                        |
| 0120100    | Pistasíuhnetur                                                                         |                                          |                                        |
| 0120110    | Valhnetur                                                                              |                                          |                                        |
| 0120990    | Annað (2)                                                                              |                                          |                                        |
| 0130000    | <b>Kjarnaávéxtir</b>                                                                   | 0,5                                      | <b>0,3</b>                             |
| 0130010    | Epli                                                                                   |                                          | <b>0,3</b>                             |
| 0130020    | Perur                                                                                  |                                          | <b>0,3</b>                             |
| 0130030    | Kveði                                                                                  |                                          | <b>0,3</b>                             |
| 0130040    | Trjámisþilsaldin                                                                       |                                          | <b>0,3</b>                             |
| 0130050    | Dúnepli/japansplómur                                                                   |                                          | <b>0,3</b>                             |
| 0130990    | Annað (2)                                                                              |                                          | <b>0,3</b>                             |

| 1)      | 2)                                     | 3)              | 4)          |
|---------|----------------------------------------|-----------------|-------------|
| 0140000 | <b>Steinaldín</b>                      |                 |             |
| 0140010 | Apríkósur                              | <b>0,01 (*)</b> | <b>0,07</b> |
| 0140020 | Kirsuber (sæt)                         | 1               | 0,15        |
| 0140030 | Ferskjur                               | <b>0,5</b>      | <b>0,07</b> |
| 0140040 | Plómur                                 | <b>0,01 (*)</b> | <b>0,15</b> |
| 0140990 | Annað (2)                              | 0,6             | 0,01 (*)    |
| 0150000 | <b>Ber og smá aldin</b>                |                 |             |
| 0151000 | a) <b>Þrúgur</b>                       | <b>0,01 (*)</b> | <b>0,4</b>  |
| 0151010 | Vinber til neyslu                      |                 |             |
| 0151020 | Vinþrúgur                              |                 |             |
| 0152000 | b) <b>Jarðarber</b>                    | 0,01 (*)        | 0,5         |
| 0153000 | c) <b>Klungurber</b>                   | 0,01 (*)        |             |
| 0153010 | Brómber                                |                 | <b>0,4</b>  |
| 0153020 | Daggarber                              |                 | 0,01 (*)    |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul)                  |                 | <b>0,4</b>  |
| 0153990 | Annað (2)                              |                 | 0,01 (*)    |
| 0154000 | d) <b>Önnur smá aldin og ber</b>       |                 |             |
| 0154010 | Aðalbláber                             | 0,5             | 0,01 (*)    |
| 0154020 | Trönuber                               | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*)    |
| 0154030 | Sólber og rífsber (rauð og hvít)       | 0,01 (*)        | 2           |
| 0154040 | Stíkilsber (græn, rauð og gul)         | 0,01 (*)        | 0,1         |
| 0154050 | Rósaldin                               | 0,01 (*)        | 0,01 (*)    |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít)                 | 0,01 (*)        | 0,01 (*)    |
| 0154070 | Eplapýrniber/Miðjarðarhafstrjámisaldin | 0,01 (*)        | 0,01 (*)    |
| 0154080 | Ylliber                                | 0,01 (*)        | 0,01 (*)    |
| 0154990 | Annað (2)                              | 0,01 (*)        | 0,01 (*)    |
| 0160000 | <b>Ýmis aldin með</b>                  | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*)    |
| 0161000 | a) <b>Ætu hýði</b>                     |                 |             |
| 0161010 | Döðlur                                 |                 |             |
| 0161020 | Fíkjur                                 |                 |             |
| 0161030 | Ólífur til átu                         |                 |             |
| 0161040 | Gullappelsínur                         |                 |             |
| 0161050 | Stjörnualdin                           |                 |             |
| 0161060 | Gallaldin                              |                 |             |
| 0161070 | Jövuþlómur                             |                 |             |
| 0161990 | Annað (2)                              |                 |             |
| 0162000 | b) <b>Óætu hýði, lítil</b>             |                 |             |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul)                 |                 |             |
| 0162020 | Litkaber                               |                 |             |

| 1)      | 2)                                                                    | 3)       | 4)       |
|---------|-----------------------------------------------------------------------|----------|----------|
| 0162030 | Píslaraldin                                                           |          |          |
| 0162040 | Kaktusfíkjur                                                          |          |          |
| 0162050 | Stjörnuepli                                                           |          |          |
| 0162060 | Persimónur/Virginíu-kakí                                              |          |          |
| 0162990 | Annað (2)                                                             |          |          |
| 0163000 | <b>c) Óætu hýði, stór</b>                                             |          |          |
| 0163010 | Lárperur                                                              |          |          |
| 0163020 | Bananar                                                               |          |          |
| 0163030 | Mangó                                                                 |          |          |
| 0163040 | Papæjaldin                                                            |          |          |
| 0163050 | Granatepli                                                            |          |          |
| 0163060 | Morgunberkjur                                                         |          |          |
| 0163070 | Gvödur                                                                |          |          |
| 0163080 | Ananas                                                                |          |          |
| 0163090 | Brauðaldin                                                            |          |          |
| 0163100 | Dáraldin                                                              |          |          |
| 0163110 | Nónberkjur                                                            |          |          |
| 0163990 | Annað (2)                                                             |          |          |
| 0200000 | <b>NÝTT eða FRYST GRÆNMETI</b>                                        |          |          |
| 0210000 | <b>Rótar- og hnýðisgrænmeti</b>                                       | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0211000 | <b>a) Kartöflur</b>                                                   |          |          |
| 0212000 | <b>b) Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti</b>                          |          |          |
| 0212010 | Kassavarætur                                                          |          |          |
| 0212020 | Sætar kartöflur                                                       |          |          |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði                                                        |          |          |
| 0212040 | Örvarætur                                                             |          |          |
| 0212990 | Annað (2)                                                             |          |          |
| 0213000 | <b>c) Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykkurrófum undanskildum</b> |          |          |
| 0213010 | Rauðrófur                                                             |          |          |
| 0213020 | Gulrætur                                                              |          |          |
| 0213030 | Hnúðsillur/hnúðsellerí                                                |          |          |
| 0213040 | Piparrót                                                              |          |          |
| 0213050 | Ætihnúðar                                                             |          |          |
| 0213060 | Nípur                                                                 |          |          |
| 0213070 | Steinseljurætur                                                       |          |          |
| 0213080 | Hreðkur                                                               |          |          |
| 0213090 | Hafursrætur                                                           |          |          |
| 0213100 | Gulrófur                                                              |          |          |
| 0213110 | Næpur                                                                 |          |          |
| 0213990 | Annað (2)                                                             |          |          |

| 1)      | 2)                                                                                 | 3)              | 4)       |
|---------|------------------------------------------------------------------------------------|-----------------|----------|
| 0220000 | <b>Laukar</b>                                                                      | 0,01 (*)        | 0,01 (*) |
| 0220010 | Hvítlaukur                                                                         |                 |          |
| 0220020 | Laukar                                                                             |                 |          |
| 0220030 | Skalottlaukar                                                                      |                 |          |
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar                                                            |                 |          |
| 0220990 | Annað (2)                                                                          |                 |          |
| 0230000 | <b>Aldingrænmeti</b>                                                               | <b>0,01 (*)</b> |          |
| 0231000 | a) <b>Náttskuggaætt og stokkrósaætt</b>                                            |                 |          |
| 0231010 | Tómatar                                                                            |                 | 0,1      |
| 0231020 | Paprikur                                                                           |                 | 0,2      |
